

Námsáætlun 2016 – 2017

Námsgrein: Náttúrufræði

6.bekkur

Áfangalýsing				
Lýsing frá kennara: Unnið verður með viðfangsefnið <i>vatn</i>. Stuðst verður við bókina <i>Lífrikið í fersku vatni</i>. Farið verður í vettvangsferðir m.a. sjóferð og ferð að Hundatjörn og sýni tekin og lífríkið rannsakað. Í jarðvísindum verður fjallað um alheiminn, sólkerfið og jörðina, jarðsöguna, myndun og mótun Íslands, hafið, lofthjúpinn og veðrið. Lögð áhersla á að verkefnavinna reyni á frumkvæði og sköpun nemenda þar sem ætlast er til að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð og beri ábyrgð á námi sínu. Kennar eru 2-3 kennslustundir á viku.				
Tímabil	Markmið	Námsefni	Kennsluhættir og leiðir	Námsmat
Ágúst - Desember	Að nemendur -læri um hringrás vatns og mismunandi eiginleika þess -kynni sér lífríkið í næsta nágrenni skólans -kynnist lífríki í fersku vatni og í sjó -kynnist grunnhugmyndum um flokkun lífvera -þjálfist í að gera athuganir og tilraunir -upplifi og kynnist náttúrunni í heimabyggð, þar með talið helstu ám og vötnum -kynnist auðlindum hafsins -þekki mun á lindá, dragá og jökulá og átti sig á helstu hugtökum s.s. vatnaskil, vatnasvið, aðlögun, lífsskilyrði og vistkerfi	<i>Lífrikið í fersku vatni og Lífrikið í sjó.</i> Verkefni tengd vettvangsferðum. Greiningarlyklar. Fiskabúr með ferskvatnslífverum. Upplýsingar á Netinu. Bækur um fiska.	Farið í sjóferð með Húna, nemendur fá m.a. fræðslu um lífríki sjávar, fá að renna fyrir fisk og greina innfyli. Vettvangsferð að Hundatjörn. Hitastig og sýrustig tjarnarinnar mæld. Sýni úr tjörninni skoðuð og lífverur greindar. Farið meðfram Glerá, gerðar sýrustigs- og hitastigs mælingar, umhverfið skoðað með tilliti til breytinga af mannavöldum. Teikna hringrás vatns. Nemendur velja sér fisktegund til að skoða nánar, finna upplýsingar í handbókum og á netinu og gera ritgerð. Samvinnunám og einstaklingsverkefni. Valdir kaflar úr lesbók lesnir.	Vinnusemi og vinnubrögð verkefna metin. Verkefni í vettvangsferðum. Samvinnupróf. Heimildaverkefni um fiska (samþætt með upplýsingamennt) Hringrás vatns. Verkefni um ár og vötn. Verkefni um smádyr í ferskvatni.

	-auki skilning sinn á mikilvægi vatns í náttúrunni -athugi áhrif mannsins á vatnið í náttúrunni		Markmið sett fram og rædd, gagnvirkur lestur. Önnur verkefni: -teikna og skrifa um lindár, dragár og jökulár -hugtakakort um ár	
Tímabil	Markmið	Námsefni	Kennsluhættir og leiðir	Námsmat
Janúar – Maí	Nemendur læra um: Sólderfið okkar, stjörnuþokur, sporbaug jarðar, möndulsnúning, áhrif tungls, þyngdarkraft og ýmis smástirni. Jarðsöguna frá því að hún mótaðist fyrir um 4,6 milljörðum ára. Helstu tímabil í jarðsögu Íslands og öflin sem mótuðu landið. Innri öfl s.s. jarðskjálfta og eldgos. Ytri öfl s.s. vindur, úrkoma, vatnsföll, haf og jöklar. Loftslag, landslag og veðurfar við Ísland og þróun síðustu ára þar að lútandi.	<i>Auðvitað – jörð í alheimi</i> Rafbók og hlustunarefni. Upplýsingar á Netinu. Ýmsar fræðibækur. Myndbönd og glærुकynningar frá kennara.	Fyrirlestrar, umræður, kynningar nemenda á verkefnum, upplýsingaöflun, samvinna, paravinna og einstaklingsverkefni. Hlustun og lesið saman.	Vinnusemi og vinnubrögð metin. Verkefni sem verða metin: Vinnubók metin Hópaverkefni um jörðina og tunglið Verkefni um landmótun Einnig verða teknar stuttar kannanir úr hverjum kafla.

Kennarar og netföng
Jóhanna Ásmundsdóttir ja@akmennt.is og Jónína Sveinbjörnsdóttir joninasv@akmennt.is